

UNGMENNARÁÐ ÁRBORGAR LEGGUR TIL AÐ SAMNINGAR VIÐ RÍKIÐ UM UPPBYGGINGU Á MENNINGARSALNUM VERÐI KLÁRUÐ

- Ungmennaráðið telur það vera hrein nauðsyn að sveitarfélagið geri samning við ríkið um að endurbyggja Menningarsalinn, sem er í Hótel Selfoss. Nú er stór og flottur salur sem hefur mörg not, legið ónothæfur í fjölda ára. Þessvegna þarf að hefja viðræður við ríkið um að vinna með sveitarfélaginu í að laga þennan sal. Því það er synd og skömm að Árborg hafi ekki almennilegan stað fyrir tónleikahald.
- Með því að klára menningarsalinn er hægt að halda stóra tónleika m.a. getur Sinfóníuhljómsveit Íslands verið með tónleika þegar hún fer hringinn í kringum landið. Leikfélag Selfoss getur haft aðstöðu þar. FSu og ML geta sett upp skólaleikrit. Stórir fyrirlestrar ráðstefnur geta verið haldnar.